

**Sþ.**

**226. Tillaga til þingsályktunar**

[99. mál]

um lán vegna hafnargerða.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Kjartan J. Jóhannsson,  
Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að tekið verði allt að 60 millj. kr. lán utanlands eða innan til meiri háttar hafnarframkvæmda á þeim stöðum í hverjum landsfjórðungi, þar sem mesta nauðsyn ber til að bæta aðstöðu sjávarútvegsins, auka útflutningsframleiðsluna og gjaldeyrstekjur þjóðarinnar af henni.

**Greinargerð.**

Drátt fyrir verulegar umbætur í hafnarmálum landsmanna s. l. áratugi brestur mjög á það, að sæmileg aðstaða hafi skapast fyrir útgerð og sjósókn í hinum ýmsu landshlutum. Skipin hafa stækkað, en hafnarskilyrðin hafa víða ekki verið bætt að sama skapi. Veldur það margvíslegum erfiðleikum og miklu árlegu tjóni, bæði vegna skemmda á skipunum og öryggisleysis, er dregur úr sjósókninni.

Áætlunum þeim, sem gerðar hafa verið um hafnarbætur, miðar yfirleitt seint áfram. Veldur fjárskortur þar mestu um. Hverfandi litlu af þeim miklu fjárhæðum, sem teknar hafa verið að láni erlendis síðustu árin, hefur verið varið til hafnarbóta. Innanlands er lánsfjármarkaðurinn orðinn mjög þröngur.

Flm. þessarar tillögu hafa þess vegna leyft sér að leggja til, að ríkisstjórnin noti gildandi lagaheimildir til þess að afla erlends eða innlends láns til þess að gera stórt átak í hafnarmálum þjóðarinnar. Vakir það fyrst og fremst fyrir þeim, að lánsféð yrði notað til þess að fullgera nokkrar meiri háttar hafnir, sem mikla þýðingu hafa fyrir sjávarútveginn í helztu útvegsbyggðarlögum landsins. Mundi það eiga mikinn þátt í að auka útflutningsframleiðsluna og þar með gjaldeyrstekjur þjóðarinnar af henni.

Hér er um mikið og hagnýtt þjóðþrifamál að ræða. Er það skoðun flm., að verulegar umbætur í hafnarmálum landsmanna muni stuðla meira að því en flest annað að auka arðinn af starfi þjóðarinnar og treysta þannig grundvöll lífskjara hennar. Hinar lágu árlegu upphæðir fjárlaga, sem ætlaðar eru til hafnarbóta, hrökkva allt of skammt í þessum efnum, auk þess sem þeim er dreift á fjölda framkvæmda. Óhjákvæmilegt er því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að ljúka nokkrum meiri háttar höfnum, sem unnið hefur verið að og framkvæmdaáætlanir hafa verið gerðar um. Er það von flm., að Alþingi fallist á nauðsyn þess.